



SKÝRSLA PENINGASTEFNUNEFNDAR TIL ALÞINGIS

2020 • 2

Skýrsla peningastefnunefndar til Alþingis

13. janúar 2021

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands gefi Alþingi skýrslu um störf sín tvisvar á ári og að ræða skuli efni skýrslunnar í þeirri þingnefnd sem þingforseti ákveður.

Ný lög um Seðlabanka Íslands tóku gildi 1. janúar 2020 og urðu m.a. þær breytingar á starfi nefndarinnar að nú skal hún halda fundi að minnsta kosti sex sinnum á ári í stað átta sinnum áður. Frá því að síðasta skýrsla var send Alþingi hefur nefndin haldið þrjá reglulega fundi og var síðasta yfirlýsing nefndarinnar birt 18. nóvember 2020. Eftirfarandi skýrsla fjallar um störf nefndarinnar frá júlí til desember 2020.

Mótun peningastefnunnar

Eins og kveðið er á um í lögum um Seðlabanka Íslands er meginmarkmið peningastefnunnar að stuðla að stöðugu verðlagi. Þetta markmið er útfært nánar sem 2½% verðbólgu markmið miðað við vísitölu neysluverðs í sameiginlegri yfirlýsingu Seðlabankans og ríkisstjórnar frá 27. mars 2001. Peningastefnunefnd tekur samkvæmt lögum ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum og skulu ákvarðanir nefndarinnar byggðar á ítarlegu og vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahagsmálum m.a. eins og það birtist í riti Seðlabankans, *Peningamálum*. Í yfirlýsingum og fundargerðum peningastefnunefndar, sem fylgja þessari skýrslu, er að finna röksemdir fyrir ákvörðunum nefndarinnar á seinni hluta ársins 2020.

Þróunin frá júlí til desember 2020

Á fyrri hluta ársins lækkaði peningastefnunefnd meginvexti bankans um 2 prósentur, þar af um 1,75 prósentur frá því að áhrifa COVID-19-farsóttarinnar fór að gæta hér á landi.¹ Á fundum sínum í ágúst og október ákvað nefndin að halda vöxtum óbreyttum. Hún taldi að lækkun vaxta á vormánuðum hefði stutt við innlenda eftirspurn og að lægri vextir hefðu miðlast vel til heimila en að áhrif þeirra ættu eftir að koma fram að fullu. Óvissan var hins vegar enn mikil vegna faraldursins. Þegar ný þjóðhagsspá lá fyrir á nóvemberfundi nefndarinnar höfðu efnahagshorfur versnað vegna aukinnar útbreiðslu veirunnar og ákvað nefndin þá að lækka vexti um 0,25 prósentur í viðbót til þess að styðja enn frekar við efnahagsbatann. Meginvextir Seðlabankans voru því 0,75% í lok desember sl. eða 2,25 prósentum lægri en á sama tíma fyrir ári.

1. Hér er átt við þá vexti sem skipta meginmáli fyrir skammtíavexti á markaði og mæla því best aðhaldsstig peningastefnunnar. Þeir vextir eru nú vextir bankans á sjö daga bundnum innlánum.


Tafla 1. Vaxtaákvörðanir Seðlabanka Íslands á seinni árhelmingi 2020 (%)

Dags.	Viðskipta-reikningar	Bundin innlán til 7 daga	Veðlán	Daglán
26. ágúst	0,75	1,00	1,75	2,75
7. október	0,75	1,00	1,75	2,75
18. nóvember	0,50	0,75	1,50	2,50

Mynd 1

Meginvextir Seðlabanka Íslands¹

3. janúar 2001 - 31. desember 2020




1. Meginvextir Seðlabankans eru vextir á 7 daga veðlánnum fram til 31. mars 2009, vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana í Seðlabankanum frá 1. apríl 2009 til 30. september 2009, meðaltal vaxta á viðskiptareikningum og á 28 daga innstæðubréfum frá 1. október 2009 til 20. maí 2014 og vextir á 7 daga bundnum innlánum frá 21. maí 2014.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 2

Raunvextir Seðlabanka Íslands¹


Janúar 2010 - desember 2020



1. Fram til maí 2014 er miðað við meðaltal innlánsvaxta og hámarksvaxta á innstæðubréfum með 28 daga binditíma sem meginvexti bankans en frá maí 2014 er miðað við vexti 7 daga bundinna innlána. 2. Fram til janúar 2012 er miðað við 12 mánaða verðbólgu, verðbólguvæntingar fyrirtækja til eins árs, verðbólguvæntingar heimila til eins árs, verðbólguálag á fjármálamarkaði og spá Seðlabankans um ársverðbólgu eftir fjóra ársfjórðunga. Frá febrúar 2012 er einnig miðað við verðbólguvæntingar markaðsaðila til eins árs samkvæmt ársfjórðungslegri könnun Seðlabankans. Heimildir: Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd 3


Ávöxtunarkrafa ríkistryggðra skuldabréfa¹
2. janúar 2013 - 30. desember 2020



1. Út frá eingreiðsluvaxtaferlum (metnum með aðferð Nelson-Siegel) þar sem er notast við vexti á millibankamarkaði með krónum og vexti ríkistryggðra skuldabréfa.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 4


Fjármagnsflæði vegna skráðrar nýfjárfestingar¹
Janúar 2017 - desember 2020



1. Fjárfesting sem gerð er hér á landi eftir 31. október 2009 fyrir nýtt innstreymi erlendis gjaldneys sem skipt er í innlenda gjaldeyri hjá fjármála-fyrirtæki hér á landi. 2. Annað innflæði í mars 2017 kemur nánast að öllu leyti til vegna kaupa erlendra aðila á eignarhlut í innlendum viðskiptabanka.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 5

Gengi krónu og gengisflökt
4. janúar 2010 - 31. desember 2020



1. Verð erlendra gjaldmiðla í krónum. Vinstri ás er andhverfur þannig að styrking krónunnar kemur fram sem hækkun ferilsins. 2. Flökt krónu er 3 mánaða staðalfrávik daglegra breytinga.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Taumhald peningastefnunnar, mælt með raunvöxtum Seðla-bankans, slaknaði enn frekar á seinni hluta ársins. Miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs voru raunvextir bankans -2,3% í lok desember sl. en voru -1,5% í lok júní. Raunvextir bankans miðað við tólf mánaða verðbólgu lækk-uðu um 1,2 prósentur á sama tíma og voru -2,8% í lok desember.

Seðlabankinn hefur jafnframt gripið til annarra aðgerða á seinni hluta ársins til að slaka á taumhaldi peningastefnunnar og tryggja aukið laust fé í umferð í þeim tilgangi að styðja við eftirspurn og aðgengi að lánsfé og varðveita stöðugleika fjármálakerfisins. Í samræmi við ákvörðun peningastefnufndar frá því í mars hefur bankinn keypt ríkisskuldabréf á eftirmarkaði til þess að tryggja að lausara taumhald peningastefnunnar miðlist með eðlilegum hætti til heimila og fyrir-tækja. Á nóvemberfundi nefndarinnar voru nefndarmenn sammála um að aðstæður væru orðnar betri fyrir bankann að beita sér af meiri krafti við kaup á ríkisskuldabréfum, enda væri kominn meiri stöðugleiki á gjaldeyrismarkaði, þótt áfram yrði fylgst með þróun ávöxtunarkröfu á markaði og hversu hratt framboð á ríkisbréfum ætti eftir að aukast. Á seinni hluta ársins keypti bankinn ríkisskuldabréf fyrir 7,6 ma.kr.

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa lækkaði töluvert fram-an af ári en hún hefur hækkað á seinni hluta ársins. Ávöxtunarkrafa á tíu ára óverðtryggðum ríkisskuldabréfum var 3,3% í lok desember og hefur hækkað um 0,7 prósentur frá lokum júní sl. en um 0,1 prósentu frá sama tíma fyrir ári. Verðtryggðir langtímavextir lækkuðu einnig framan af árinu en hafa tekið að hækka á síðari hluta ársins. Þeir voru 0,8% í lok desember eða 0,6 prósentum hærrí en í lok júní en 0,4 prósentum lægri en á sama tíma í fyrra.

Vöxtur útlána til heimila hefur verið á bilinu 6-9% á seinni hluta ársins og hefur aukist frá fyrri hluta ársins. Vextir á húsnæðislánum hafa lítið breyst frá lokum júní. Munur á vaxtakjörum nýrra útlána til fyrirtækja og meginvaxta hefur hins vegar heldur minnkað frá fyrri hluta ársins þó að útlánavöxtur til fyrirtækja sé enn nálægt núlli.

Innstreymi fjármagns vegna nýfjárfestingar var um 10,7 ma.kr. á seinni hluta ársins en það er um helmingi minna innstreymi en á fyrri hluta ársins. Á sama tímabili nam útfæði fjármagns sem áður hafði komið inn sem nýfjárfesting um 56 ma.kr. samanborið við 35 ma.kr. á fyrri hluta ársins. Innflæði og útfæði á síðari hluta ársins var að mestu leyti vegna kaupa og sölu á ríkisskuldabréfum.

Frá því í júní og þar til snemma í nóvember var þrýstingur til lækkunar á gengi krónunnar. Það dró þó tímabundið úr þrýstingnum þegar Seðlabankinn tilkynnti 9. september að hann myndi hefja reglubundna sölu á gjaldeyri en þá hafði gengi krónunnar lækkað um tæplega 16% frá áramótum gagnvart meðaltali gjaldmiðla helstu við-skiptalanda. Markmið reglubundinnar sölu gjaldeyris var að auka dýpt markaðarins og bæta verðmyndun en frá og með 14. september og til áramóta seldi bankinn 3 milljónir evra hvern viðskiptadag. Í kjölfar jákvæðra fréttu um þróun bóluuefnis gegn COVID-19 í byrjun nóv-ember tók gengi krónunnar þó að hækka. Í lok desember var gengi krónunnar 8,3% lægra en það var 28. febrúar þegar fyrsta COVID-19-smitið var greint hér á landi en hefur hækkað um 6,6% frá tilkynn-ingu um reglubundna gjaldeyrissölu 9. september.

Í takt við ákvörðun peningastefnunefndar um beitingu inngripa á gjaldeyrismarkaði til að draga úr óhóflegum skammtímasveiflum í gengi krónunnar hefur Seðlabankinn gripið inn á gjaldeyrismarkaði í auknum mæli á árinu samanborið við undanfarin tvö ár. Inngripin eiga einnig við sveiflur sem ná yfir lengri tíma en innan dags og gætu annars birst í yfirkoti og leiðréttingu síðar. Á seinni hluta ársins hefur bankinn selt gjaldeyri fyrir 121 ma.kr. og keypt gjaldeyri fyrir 2,6 ma.kr. og námu viðskiptin tæplega 49% af heildarveltu á gjaldeyrismarkaði á tímabilinu. Inngripin voru töluvert umfangsmeiri á seinni hluta ársins en á þeim fyrri.

Verðbólga jókst á seinni hluta ársins og mældist 3,6% í desember sl. en var við verðbólguarmið í júní sl. Verðbólga án húsnæðis mældist nokkru meiri eða 4% og hefur munurinn á verðbólgu með og án húsnæðis aukist frá því í júní. Undirliggjandi verðbólga mældist 4,2% í desember miðað við meðaltal ólíkra mælikvarða og jókst úr 3,6% í júní.


Helsti drifkraftur aukinnar verðbólgu hefur verið verðhækkun innfluttrar vöru í kjölfar gengislækkunar krónunnar og hafa allir undirliðir innfluttrar vöru í vísitölu neysluverðs hækkað síðan í júní. Verðhækkun á ýmsum vörum, t.d. húsgögnum, húsbúnaði, raftækjum og fatnaði, hefur haft mest áhrif á vísitölu neysluverðs á seinni hluta ársins og hafði sá undirliður á heildina hækkað um 6,3% í desember frá fyrra ári. Verð á innlendra vöru hefur einnig hækkað, um 5,9% milli ára, einkum vegna hækkunar matvöruverðs og innfluttra aðfanga. Í lok ársins hafði hins vegar dregið úr verðhækkun innfluttrar vöru og eru því líkur á að áhrif gengislækkunar krónunnar séu að mestu komin fram. Verð á almennri þjónustu hefur einungis hækkað um 1% milli ára en ýmis þjónustustarfsemi hefur átt undir högg að sækja vegna farsóttarinnar og sóttvarnaraðgerða.

Húsnæðisverð hefur jafnframt hækkað nokkuð að undanförunu í kjölfar lækkunar vaxta en markaðsverð húsnæðis hefur hækkað um 7,8% sl. tólf mánuði, mest einbýli á höfuðborgarsvæðinu. Framlag húsnæðisliðar vísitölunnar til ársverðbólgu í desember nam 0,6 prósentum og hefur minnkað lítillega frá því í júní þar sem lægri raunvaxtakostnaður húsnæðislána hefur vegið upp á móti hækkun húsnæðisverðs.

Verðbólga mældist að meðaltali 3,6% á síðasta fjórðungi ársins en í nóvemberspá *Peningamála* var spáð 3,7% verðbólgu. Samkvæmt spánni eru horfur á að verðbólga verði um 3,7% að meðaltali á fyrsta fjórðungi 2021 en taki svo að hjaðna tiltölulega hratt þegar áhrif gengislækkunar krónunnar fjara út vegna hins mikla slaka sem myndast hefur í þjóðarþúinu.


Samkvæmt nýlegum könnunum vænta markaðsaðilar að verðbólga verði í markmiði að ári liðnu, stjórnendur fyrirtækja búast við 3% verðbólgu en heimilin vænta þess að hún verði 4%. Væntingar markaðsaðila og fyrirtækja eru óbreyttar frá því að síðasta skýrsla var send Alþingi en væntingar heimila hafa heldur hækkað. Langtímaverðbólguvæntingar hafa lítið breyst að undanförunu þrátt fyrir nokkra lækkun á gengi krónunnar. Athygli vekur þó að væntingar stjórnenda fyrirtækja um meðalverðbólgu á næstu fimm árum lækkuðu í markmið í vetrarkönnuninni. Verðbólguálag á skuldabréfamark-

Mynd 6
Verðbólga á ýmsa mælikvarða
Janúar 2014 - desember 2020




Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd 7
Verð innlendra og innfluttrar vöru
Janúar 2017 - desember 2020



Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd 8
Verðbólguvæntingar¹



1. Nýjstu kannanir Gallup á verðbólguvæntingum heimila og fyrirtækja frá desember 2020. Nýjasta könnun Seðlabankans á verðbólguvæntingum markaðsaðila er frá byrjun nóvember 2020. Ekki er spurt um verðbólguvæntingar heimila og fyrirtækja til 10 ára. Nýjasta gildi verðbólguálags á skuldabréfamarkaði er meðaltal fyrir 4. ársfj. 2020. Neðri helmingur myndar sýnir breytingu frá samsvarandi mælingum fyrir ári síðan.
Heimildir: Gallup, Seðlabanki Íslands.

aði til fimm og tíu ára var að meðaltali 2,6-2,7% á fjórða ársfjórðungi og er því einnig nálægt markmiði en heldur hærra en í lok júní sl.²

Á fundi sínum í nóvember ákvað peningastefnunefnd að lækka vexti bankans frekar þar sem efnahagshorfur höfðu versnað og minni hagvexti væri spáð á næsta ári en áður hafði verið gert ráð fyrir. Taldi nefndin að þótt verðbólga hefði aukist tímabundið og horfur væru á að hún yrði meiri en búist var við í ágúst gerði traustari kjölfesta verðbólguvæntinga nefndinni kleift að bregðast við versnandi efnahagshorfum með frekari lækkun vaxta. Að mati nefndarinnar væri óvissa um efnahagshorfur hins vegar mikil og myndi þróun efnahagsmála að töluverðu leyti ráðast af framvindu farsóttarinnar.

Ítarefni

Með þessari skýrslu fylgir eftirfarandi ítarefni:

1. Yfirlýsingar peningastefnunefndar frá júlí til nóvember 2020.
2. Fundargerðir peningastefnunefndar frá júní til nóvember 2020.
3. Fréttatilkynning um sérstakan tímabundinn veðlánaramma vegna stuðningslána 28. ágúst 2020.
4. Erindi varaseðlabankastjóra peningastefnu um efnahagshorfur fyrir Samkeppniseftirlitið 3. september 2020.
5. Erindi varaseðlabankastjóra peningastefnu um efnahagshorfur á tímum heimsfaraldurs fyrir Félag atvinnurekenda 7. september 2020.
6. Fréttatilkynning um reglubundna gjaldeyrissölu Seðlabanka Íslands 9. september 2020.
7. Fréttatilkynning um áframhaldandi reglubundna gjaldeyrissölu Seðlabanka Íslands 30. september 2020.
8. Fréttatilkynning vegna kaupa Seðlabanka Íslands á skuldabréfum ríkissjóðs 30. september 2020.
9. Erindi varaseðlabankastjóra peningastefnu um efnahagshorfur og óvissu á tímum heimsfaraldurs á fundi ráðherra og samhæfingaráhóps um atvinnu- og menntaúrræði (SAM-hópsins) 26. október 2020.
10. Fréttatilkynning um áframhaldandi reglubundna gjaldeyrissölu Seðlabanka Íslands 30. október 2020.
11. Erindi seðlabankastjóra um efnahagshorfur og aðgerðir vegna COVID-19 á Peningamála fundi Viðskiptaráðs 19. nóvember 2020.
12. Fréttatilkynning um áframhaldandi reglubundna gjaldeyrissölu Seðlabanka Íslands 30. nóvember 2020.
13. Erindi varaseðlabankastjóra peningastefnu um efnahagshorfur og óvissu á tímum heimsfaraldurs á fundi Samiðnar 8. desember 2020.
14. Fréttatilkynning um áframhaldandi reglubundna gjaldeyrissölu Seðlabanka Íslands 30. desember 2020.

2. Hafa verður í huga að rekja má hluta nýlegra sveiflna verðbólguálags á skuldabréfamarkaði til tæknilegra atriða tengdra útreikningi á verðtryggðri ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa þar sem skuldabréf á gjalddaga 2021 var tekið af viðskiptavakt. Breytingar endurspeglar því ekki eingöngu breytingar á verðbólguvæntingum. Því til viðbótar inniheldur verðbólguálagið áhættuþóknun vegna óvissu um verðbólgu og seljanleika bréfa.

15. Fréttatilkynning vegna kaupa Seðlabanka Íslands á skuldabréfum ríkissjóðs 30. desember 2020.
16. Yfirlýsing ríkisstjórnar og Seðlabanka um verðbólguþétt, mars 2001.

Fyrir hönd peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands,



Ásgeir Jónsson

seðlabankastjóri og formaður peningastefnunefndar

Yfirlit yfir fylgiskjöl

	Bls.
Yfirlýsing peningastefnunefndar 26. ágúst 2020	9
Yfirlýsing peningastefnunefndar 7. október 2020	10
Yfirlýsing peningastefnunefndar 18. nóvember 2020	11
Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands, aukafundur í júní 2020	12
Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands, ágúst 2020	14
Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands, október 2020	22
Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands, nóvember 2020	29
Sérstakur tímabundinn veðlánarammi vegna stuðningslána	37
Efnahagshorfur á tímum heimsfaraldurs	38
Efnahagshorfur á tímum heimsfaraldurs	48
Reglubundin gjaldeyrissala Seðlabanka Íslands	60
Reglubundin gjaldeyrissala Seðlabanka Íslands	61
Tilkynning vegna kaupa Seðlabanka Íslands á skuldabréfum ríkissjóðs	62
Efnahagshorfur og óvissa á tímum heimsfaraldurs	63
Reglubundin gjaldeyrissala Seðlabanka Íslands	75
Peningamálafundur Viðskiptaráðs 2020	76
Reglubundin gjaldeyrissala Seðlabanka Íslands	84
Efnahagshorfur og óvissa á tímum heimsfaraldurs	85
Reglubundin gjaldeyrissala Seðlabanka Íslands	98
Tilkynning vegna kaupa Seðlabanka Íslands á skuldabréfum ríkissjóðs	99
Yfirlýsing um verðbólguþróun og breytta gengisstefnu	100

Yfirlýsing peningastefnunefndar 26. ágúst 2020

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að halda vöxtum bankans óbreyttum. Meginvextir bankans, vextir á sjö daga bundnum innlánum, verða því áfram 1%.

Samkvæmt nýrri þjóðhagsspá Seðlabankans sem birt er í ágústhefti *Peningamála* eru horfur á að landsframleiðslan dragist saman um 7% í ár og útlit er fyrir að atvinnuleysi verði komið í um 10% undir lok ársins. Þótt horfur fyrir seinni hluta ársins séu heldur lakari en spáð var í maí er talið að samdrátturinn á árinu öllu verði nokkru minni en þá var gert ráð fyrir. Þar vegur þyngst að einkaneysla var kröftugri í vor og sumar. Óvissan er hins vegar óvenju mikil og þróun efnahagsmála mun ráðast af framvindu farsóttarinnar.

Verðbólga mældist 2,5% á öðrum fjórðungi ársins en var komin í 3% í júlí. Áhrif ríflega 12% lækkunar á gengi krónunnar frá því að farsóttin barst til landsins vega þar þungt. Verðbólguvæntingar til meðallangs og langs tíma hafa hins vegar lítið breyst og virðist kjölfesta verðbólguvæntinga í verðbólguþætti bankans halda. Samkvæmt spá Seðlabankans er gert ráð fyrir að verðbólga verði í kringum 3% það sem eftir lifir árs en að mikill slaki í þjóðarbúinu og lítil alþjóðleg verðbólga geri það að verkum að hún taki að hjaðna á næsta ári og verði um 2% að meðaltali á seinni hluta spátímans.

Traustari kjölfesta verðbólguvæntinga hefur gert peningastefnunefnd kleift að bregðast við versnandi efnahagshorfum með afgerandi hætti. Lægri vextir og aðrar aðgerðir bankans sem gripið var til á vormánuðum hafa stutt við innlenda eftirspurn. Áhrif þeirra eiga þó eftir að koma fram að fullu og munu þær áfram styðja við þjóðarbúskapinn og stuðla að því að efnahagsbatinn verði hraðari en ella.

Peningastefnunefnd mun áfram fylgjast grannt með framvindu efnahagsmála og nota þau tæki sem nefndin hefur yfir að ráða til að styðja við þjóðarbúskapinn og tryggja að lausara taumhald peningastefnunnar miðlist með eðlilegum hætti til heimila og fyrirtækja.

Yfirlýsing peningastefnunefndar

7. október 2020

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að halda vöxtum bankans óbreyttum. Meginvextir bankans, vextir á sjö daga bundnum innlánum, verða því áfram 1%.

Samkvæmt bráðabirgðatölum þjóðhagsreikninga reyndist hagvöxtur heldur þróttmeiri á fyrri hluta þessa árs en gert var ráð fyrir í ágústhefti *Peningamála*. Hins vegar benda hátiðnivísbendingar og kannanir til þess að hægt hafi á vexti eftirspurnar í lok sumars. Vegna aukinnar útbreiðslu veirunnar að undanförmu hafa efnahagshorfur versnað frá því sem gert var ráð fyrir í ágúst. Óvissan er hins vegar mikil og þróun efnahagsmála mun að töluverðu leyti ráðast af framvindu farsóttarinnar.

Verðbólga jókst milli fjórðunga á þriðja fjórðungi ársins og mældist 3,2% en það er heldur meira en spáð var í ágúst. Áhrifa gengislækkunar krónunnar á verð innfluttrar vöru gætir enn. Mikill slaki í þjóðarbúskapnum mun að óbreyttu leiða til þess að verðbólga hjaðnar þegar áhrif gengisveikingarinnar fjara út. Verðbólguvæntingar til meðallangs og langs tíma hafa hins vegar lítið breyst og virðist kjölfesta þeirra í verðbólguþegumarkmiði bankans halda.

Traustari kjölfesta verðbólguvæntinga hefur gert peningastefnunefnd kleift að bregðast við versnandi efnahagshorfum með afgerandi hætti. Lægri vextir og aðrar aðgerðir bankans sem gripið var til á vormánuðum hafa stutt við innlenda eftirspurn. Áhrif þeirra eiga þó eftir að koma fram að fullu og munu þær áfram styðja við þjóðarbúskapinn og stuðla að því að efnahagsbatinn verði hraðari en ella.

Peningastefnunefnd mun áfram fylgjast grannt með framvindu efnahagsmála og nota þau tæki sem nefndin hefur yfir að ráða til að styðja við þjóðarbúskapinn og tryggja að lausara taumhald peningastefnunnar miðlist með eðlilegum hætti til heimila og fyrirtækja.

Yfirlýsing peningastefnunefndar 18. nóvember 2020

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að lækka vexti bankans um 0,25 prósentur. Meginvextir bankans, vextir á sjö daga bundnum innlánum, verða því 0,75%.

Mikil fjölgun COVID-19-smita á haustdögum og hertar sóttvarnir valda því að dregið hefur úr þeirri viðspyrnu í efnahagslífinu sem hófst á þriðja fjórðungi ársins eftir sögulegan samdrátt á öðrum ársfjórðungi. Efnahagshorfur hafa því versnað og gerir nóvemberspá *Peningamála* ráð fyrir 8,5% samdrætti landsframleiðslu á þessu ári sem er ríflega 1 prósentu meiri samdráttur en spáð var í ágúst. Einnig er spáð minni hagvexti á næsta ári. Óvissa um efnahagshorfur er mikil og mun þróun efnahagsmála að töluverðu leyti ráðast af framvindu farsóttarinnar.

Gengi krónunnar lækkaði eftir að farsóttin barst til landsins en hefur verið tiltölulega stöðugt undanfarið. Verðbólga hefur aukist frá því í vor og var 3,6% í október. Hins vegar hafa verðbólguvæntingar til meðallangs og langs tíma lítið breyst. Samkvæmt spá Seðlabankans eru horfur á að verðbólga verði um 3,7% að meðaltali fram á næsta ár en taki þá að hjaðna enda slakinn í þjóðarþúinu mikill.

Þótt verðbólga hafi aukist tímabundið og horfur séu á að hún verði meiri en búist var við í ágúst gerir traustari kjölfesta verðbólguvæntinga peningastefnunefnd kleift að bregðast við versnandi efnahagshorfum með afgerandi hætti. Lækkun vaxta og aðrar aðgerðir sem Seðlabankinn hefur gripið til undanfarna mánuði hafa stutt við innlenda eftirspurn og dregið úr neikvæðum áhrifum efnahagsáfallsins.

Peningastefnunefnd mun áfram nota þau tæki sem nefndin hefur yfir að ráða, m.a. kaup Seðlabankans á ríkisskuldabréfum, til að styðja við þjóðarþúskapinn og tryggja að lausara taumhald peningastefnunnar miðlist með eðlilegum hætti til heimila og fyrirtækja.



Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands

Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands

Aukafundur í júní 2020 (96. fundur)

Birt: 8. júlí 2020

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að það sé hlutverk peningastefnunefndar að ákvarða vexti og önnur stýritæki peningastefnunnar og að „[opinberlega skuli] birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra“. Í samræmi við lögina hefur peningastefnunefndin ákveðið að birta fundargerðir af fundum sínum tveimur vikum eftir hverja ákvörðun. Þar koma einnig fram upplýsingar um atkvæði einstakra nefndarmanna.

Hér birtist fundargerð peningastefnunefndarinnar af sameiginlegum fundi peningastefnunefndar og fjármálastöðugleikanefndar 23. júní 2020, en á honum ræddi nefndin ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum.

I Ákvarðanir um stjórnækja bankans í peningamálum

Seðlabanki Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneytið gerðu hinn 25. maí með sér samning um að bankinn annist framkvæmd á veitingu ábyrgða ríkissjóðs gagnvart lánastofnunum vegna stuðningslána þeirra til rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Á fundinum kom fram að markmið með stuðningslánnum væri að viðhalda atvinnustigi og efnahagssumsvifum með því að styðja við minni rekstraraðila sem hefðu orðið fyrir tímabundnu tekjufalli vegna farsóttarinnar og aðgerða stjórnvalda til að verjast útbreiðslu hennar. Þá myndu lánin stuðla að því að rekstrarhæf minni fyrirtæki fari síður í þrot og þar með styðja við stöðugleika bankakerfisins. Fram kom á fundinum að mikilvægt væri að hvetja lánastofnanir til að taka þátt í þessari aðgerð.

Lögin gera m.a. ráð fyrir að lánastofnanir veiti lán með ríkisábyrgð á vöxtum sem samsvara meginvöxtum Seðlabankans (þ.e. vöxtum sjö daga bundinna innlána lánastofnana hjá Seðlabankanum sem nú eru 1%), sem eru lægri vextir en samsvara kostnaði nýrrar fjármögnunar þeirra. Lánin munu að öðru óbreyttu rýra lausafjárstöðu og lausafjárhlutföll lánastofnana. Til að tryggja framgang þessara lánveitinga ræddi nefndin því að nauðsynlegt væri að útfæra sérstakan veðlánaramma sem tryggði lánastofnunum skammtímafjármögnun frá Seðlabankanum á sömu kjörum og stuðningslán með 100% ríkisábyrgð eru veitt á.

Með hliðsjón af umræðunni lagði seðlabankastjóri fram tillögu um að vegna sérstöðu stuðningslána með 100% ríkisábyrgð og þeirra aðstæðna sem uppi eru vegna faraldursins myndi

Seðlabankinn útfæra sérstakan tímabundinn veðlánaramma stuðningslána á sömu kjörum og eru á sjö daga bundnum innlánum hjá Seðlabankanum á hverjum tíma. Allir nefndarmenn samþykktu tillöguna.

Á fundinum var þróunin á fasteignamarkaði einnig rædd í ljósi áhrifa COVID-19-farsóttarinnar og vaxtalækkana bankans undanfarin misseri. Fram kom að vísbendingar eru um að heimili séu í auknum mæli að endurfjármagna húsnæðislán sín í kjölfar lækkunar vaxta. Nefndarmenn ræddu að nokkur tilfærsla væri að eiga sér stað á lánum annars vegar frá lífeyrissjóðum yfir til viðskiptabankanna þar sem bankarnir væru að bjóða lægri vaxtakjör og hins vegar úr verðtryggðum yfir í óverðtryggð lán með breytilega vexti. Fram kom að tæplega þriðjungur íbúðaskulda heimila hefði verið óverðtryggður í lok apríl sl. Nefndirnar fjölluðu jafnframt um mismunandi þjóðhagsvarúðartæki og samspil ólíkra stjórntækja bankans.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar

Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu

Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika

Gylfi Zoëga, prófessor, utanaðkomandi nefndarmaður

Katrín Ólafsdóttir, lektor, utanaðkomandi nefndarmaður

Aðalhafgræðingur Seðlabankans, Þórarinn G. Pétursson, sat allan fund nefndarinnar. Þar að auki sátu fjölmargir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Karen Áslaug Vignisdóttir ritaði fundargerð.

Næsta reglulega yfirlýsing peningastefnuneftardarinnar verður birt miðvikudaginn 26. ágúst 2020.



Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands

Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands

Ágúst 2020 (97. fundur)

Birt: 9. september 2020

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að það sé hlutverk peningastefnunefndar að ákvarða vexti og önnur stýritæki peningastefnunnar og að „[opinberlega skuli] birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra“. Í samræmi við lögina hefur peningastefnunefndin ákveðið að birta fundargerðir af fundum sínum tveimur vikum eftir hverja ákvörðun. Þar koma einnig fram upplýsingar um atkvæði einstakra nefndarmanna.

Hér birtist fundargerð fundar peningastefnunefndarinnar 24. og 25. ágúst 2020, en á honum ræddi nefndin efnahagsþróunina, þróun á fjármálamörkuðum, ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum 26. ágúst og kynningu þeirrar ákvörðunar.

I Þróun í efnahags- og peningamálum

Áður en nefndarmenn fjölluðu um vaxtaákvörðunina ræddu þeir innlenda fjármálamarkaði, fjármálalegan stöðugleika, horfur í heimsbúskapnum og utanríkisviðskiptum Íslands, innlandan þjóðarbúskap og verðbólgu, með hliðsjón af upplýsingum sem hafa komið fram frá maífundum nefndarinnar og uppfærðri spá í *Peningamálum 2020/3* hinn 26. ágúst.

Fjármálamarkaðir

Frá fundi peningastefnunefndar í maí lækkaði gengi krónunnar um 2,5% gagnvart viðskiptaveginni gengisvísitölu. Á sama tímabili lækkaði það um 3,2% gagnvart bresku pundi, 3,9% gagnvart evru en hækkaði um 3,8% gagnvart Bandaríkjadal. Á milli funda keypti Seðlabankinn gjaldeyri fyrir 60 m. evra (9,1 ma.kr.) en seldi gjaldeyri fyrir 141 m. evra (22,5 ma.kr.) og nam hlutur Seðlabankans rúmlega 30% af heildarveltu á gjaldeyrismarkaði.

Taumhald peningastefnunnar miðað við raunvexti Seðlabankans hafði slaknað frá fundi nefndarinnar í maí. Raunvextir bankans voru -1,7% miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs eða 0,4 prósentum lægri en rétt eftir birtingu vaxtaákvörðunar nefndarinnar í maí. Miðað við ársverðbólgu voru þeir -1,9% og höfðu lækkað um 0,8 prósentur milli funda.

Vextir á millibankamarkaði með krónur lækkuðu í takt við vaxtalækkun Seðlabankans í maí en engin velta var á markaðnum á tímabilinu. Ávöxtunarkrafa lengri óverðtryggðra ríkisbréfa hafði

hækkað um allt að 0,2 prósentur frá maifundi nefndarinnar en krafa lengri verðtryggðra ríkisbréfa hafði lækkað um 0,4 prósentur. Meðalvextir óverðtryggðra húsnæðislána höfðu lækkað milli funda og meðalvextir verðtryggðra húsnæðislána höfðu einnig lækkað lítillega.

Skammtímavaxtamunur miðað við þriggja mánaða millibankavexti minnkaði um 0,4 prósentur gagnvart evrusvæðinu á milli funda og var 2,1 prósentur og minnkaði um 0,5 prósentur gagnvart Bandaríkjunum og var 1,3 prósentur. Mismunur langtímavaxta gagnvart Þýskalandi breyttist lítið á milli funda og var 3 prósentur en jókst lítillega gagnvart Bandaríkjunum og var 1,9 prósentur. Mælikvarðar á áhættuálag erlendra skuldbindinga ríkissjóðs höfðu lækkað lítillega á milli funda nefndarinnar. Skuldatryggingarálag á fimm ára skuldbindingar ríkissjóðs í Bandaríkjadöllum var 0,6% og vaxtamunur á evruútgáfu ríkissjóðs gagnvart þýskum ríkisskuldbréfum var 0,7 prósentur.

Greiningardeildir fjármálafyrirtækja væntu þess ýmist að peningastefnunefnd myndi halda vöxtum óbreyttum eða lækka þá um 0,25 prósentur. Vísuðu þær til þess að þótt óvissa ríkti enn um áhrif og framgang COVID-19-faraldursins hefði hagkerfið um margt reynst þrautseigara en búist var við. Verðbólga hefði aftur á móti aukist umfram væntingar, raunvextir lækkað og taumhald peningastefnunnar því slaknað.

Samkvæmt ársfjórðungslegri könnun Seðlabankans á væntingum markaðsaðila sem var framkvæmd um miðjan ágúst sl. bjuggust þeir við því að meginvextir Seðlabankans yrðu áfram 1% á þriðja fjórðungi þessa árs en að þeir yrðu lækkaðir um 0,25 prósentur á fjórða ársfjórðungi. Þetta eru lægri vextir en þeir gerðu ráð fyrir í könnun bankans í maí en þá væntu þeir þess að vextir yrðu lægstir 1% á fjórða fjórðungi þessa árs. Í könnuninni töldu flestir eða um helmingur svarenda taumhald peningastefnunnar vera hæfilegt um þessar mundir en rétt um 19% svarenda töldu það hæfilegt í síðustu könnun. Hlutfall þeirra sem töldu taumhaldið of þétt eða allt of þétt minnkaði aftur á móti og var nú 28% samanborið við rúm 70% í maikönnuninni. Um 23% svarenda töldu taumhaldið vera of laust eða allt of laust samanborið við 11% í síðustu könnun bankans.

Bætt hefur í ársvöxt víðs peningamagns (M3) eftir því sem liðið hefur á árið en hann mældist 13½% í júlí sé leiðrétt fyrir innlánnum fallinna fjármálafyrirtækja. Hægja tók á útlánavexti lánakerfisins til innlendra aðila eftir því sem leið á síðasta ár en ársvöxturinn hefur verið nokkuð stöðugur í kringum 4% það sem af er þessu ári. Í júní jukust útlán til heimila um rúmlega 6% milli ára en útlán til atvinnufyrirtækja drógust saman um 0,7%.

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar, OMXI10, hækkaði um 5% milli funda nefndarinnar. Velta á aðalmarkaði nam 341 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins sem er 6,7% minni velta miðað við árið á undan.

Alþjóðleg efnahagsmál og utanríkisviðskipti

Samkvæmt spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem birt var seint í júní sl., hafa horfur í heimsbúskapnum versnað enn frekar vegna COVID-19-heimsfaraldursins. Neikvæð áhrif faraldursins voru meiri á fyrri helmingi ársins en sjóðurinn gerði ráð fyrir í vor og er nú einnig talið að efnahagsbatinn verði hægari á seinni hluta ársins. Gert er ráð fyrir að landsframleiðsla í heiminum minnki um 4,9% í ár en í byrjun apríl spáði sjóðurinn 3% samdrætti. Horfurnar í ár hafa versnað í bæði þróuðum ríkjum og nýmarkaðs- og þróunarríkjum. Spáð er 8% samdrætti í þróuðum ríkjum en 3% í nýmarkaðs- og þróunarríkjum. Það er um 2 prósentum meiri samdráttur en spáð var í apríl. Viðsnúningur í heimsbúskapnum verður jafnframt minni á næsta ári að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og er nú spáð 5,4% heimshagvexti eða 0,4 prósentum minni vexti en í vorspánni. Óvissa um framvindu í heimsbúskapnum er hins vegar áfram óvenju

mikil og háð því hversu langvinnur faraldurinn verður. Líkt og í vor telur sjóðurinn að efnahagsframvindan gæti orðið enn óhagstæðari en gert er ráð fyrir í grunnspánni.

Halli á vöruviðskiptum Íslands nam um 47,2 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins en á sama tíma í fyrra var 81,5 ma.kr. halli á föstu gengi. Flugvéla- og skipaútflutningur hafði hins vegar töluverð áhrif á þróunina. Án skipa og flugvéla mælist 40 ma.kr. halli á vöruskiptunum það sem af er ári en hann var á sama tíma í fyrra 95,7 ma.kr. Minni halli nú skýrist af samdrætti í verðmæti innflutnings umfram verðmæti útflutnings, einkum á fjárfestingarvörum og aðföngum tengdum ferðaþjónustu. Útflutningur án skipa og flugvéla dróst saman um 11% á fyrstu sjö mánuðum ársins frá fyrra ári. Munar þar mest um samdrátt á útflutningsverðmæti iðnaðarvара og sjávarafurða.

Heimsmarkaðsverð á áli hefur hækkað um 19% frá fundi peningastefnunefndar í maí sl. Álverð var þó enn lítillega lægra en það var bæði í upphafi þessa árs og í ágúst í fyrra. Bráðabirgðatölur Hagstofu Íslands benda til þess að verð sjávarafurða í erlendum gjaldmiðlum hafi lækkað milli fjórðunga á öðrum fjórðungi en á fyrri helmingi ársins nam verðhækkun sjávarafurða aftur á móti 3,5% milli ára. Heimsmarkaðsverð á Brent-hráolíu mældist tæplega 46 Bandaríkjadalir á tunnu á fundi peningastefnunefndar í ágúst sem var um þriðjungi hærra verð en á maífundinum. Hækkunin endurspeglar aukna eftirspurn eftir olíu samhliða fækkun COVID-19-tilfella og slökun sóttvarnaraðgerða seint í vor og framan af sumri auk áhrifa af minnkandi olíuframleiðslu helstu olíuframleiðsluríkja. Olíuverð var þó enn u.þ.b. þriðjungi lægra en það var í upphafi þessa árs og um fimmtungi lægra en það var í ágúst í fyrra.

Raungengi miðað við hlutfallslegt verðlag lækkaði um 3,3% milli mánaða í júlí og var þá 2,2% undir meðaltali síðasta aldarfjórðungs og 11,4% lægra en um síðustu áramót. Raungengi á þennan mælikvarða lækkaði um 6,4% á fyrstu sjö mánuðum ársins frá sama tíma í fyrra og má rekja lækkunina til 7,8% lækkunar nafngengis en verðbólga hér á landi var 1,3 prósentum meiri en að meðaltali í viðskiptalöndum Íslands.

Innlendur þjóðarbúskapur og verðbólga

Vísbendingar um þróun einkaneyslu á öðrum ársfjórðungi gáfu til kynna verulega breytingu í neyslumynstri heimila. Þannig dró töluvert úr útgjöldum sem urðu einna helst fyrir áhrifum sóttvarnaraðgerða en útgjöld til varanlegra neysluvara jukust. Það dró úr þessari þróun eftir því sem farsóttin gekk niður og slakað var á sóttvörnum. Í júlí var enn samdráttur í greiðslukortaveltu milli ára en þar vógust á mikill samdráttur í veltu erlendis og kröftug aukning í veltu innanlands.

Væntingavísitala Gallup í ágúst mældist 43,8 stig og nam lækkun hennar milli ára rúmum 47 stigum. Eftir aukna bjartsýni neytenda í vor hefur vísitalan lækkað undanfarna tvo mánuði.

Samkvæmt niðurstöðum sumarkönnunar Gallup sem framkvæmd var í júní meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins voru viðhorf fyrirtækja til núverandi efnahagsaðstæðna mun verri en í vorkönnuninni fyrr á þessu ári og sumarkönnuninni 2019. Viðhorf stjórnenda í sumarkönnuninni til horfa á næstu sex mánuðum er þó heldur jákvæðara en bæði í vor og á sama tíma í fyrra. Um 87% stjórnenda telja núverandi aðstæður slæmar og tæp 13% telja þær hvorki góðar né slæmar. Horft til næstu sex mánaða telja tæp 49% stjórnenda að aðstæður í efnahagslífinu batni en um 19% að þær verði hvorki góðar né slæmar. Um 32% stjórnenda telja að aðstæður verði verri eftir sex mánuði eða heldur færri en í síðustu könnun. Stjórnendur voru litlu svartsýnni um

Þróun innlendar eftirspurnar á næstu sex mánuðum en í vorkönnuninni. Þeir eru hins vegar töluvert svartsýnni um þróun erlendar eftirspurnar en í vor.

Árstíðarleiðréttar niðurstöður sumarkönnunar Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins sýna að munur á hlutfalli fyrirtækja sem vildu fjölga starfsfólki og þeirra sem vildu fækka því er neikvæður um 32 prósentur. Munurinn nærri tvöfaldast milli kannana en hann var neikvæður um rúmlega 17 prósentur í vorkönnuninni. Að auki telja aðeins um 5% stjórnenda vera skort á starfsfólki og náði hlutfallið sögulegu lágmarki á ný í sumarkönnuninni þegar það mældist jafn lágt og í kjölfar fjármálakreppunnar. Þá telja um 28% stjórnenda fyrirtæki sitt eiga erfitt með að mæta óvæntri aukningu í eftirspurn sem er 10 prósentum lægra hlutfall en í síðustu könnun.

Samkvæmt Vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar fækkaði heildarvinnustundum um 7,2% milli ára á öðrum fjórðungi ársins sem er mesta fækkun heildarvinnustunda sem mælst hefur á einum fjórðungi frá þriðja ársfjórðungi 2009. Fækkun heildarvinnustunda stafaði af 5,1% fækkun starfandi fólks og um 2,3% styttri meðalvinnuviku. Mikil stytting vinnutíma, m.a. vegna hlutabótaleiðar stjórnvalda, kom betur fram í vinnutíma þeirra sem voru við vinnu í viðmiðunarvikunni en á öðrum ársfjórðungi mældist hann liðlega 7% styttri en á sama tíma fyrir ári.

Samkvæmt árstíðarleiðréttum tölum VMK var atvinnuþátttaka 78,3% á öðrum ársfjórðungi og hefur ekki mælst minni frá upphafi ársfjórðungslegrar vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar árið 2003. Það á einnig við um hlutfall starfandi sem mældist 72,8% á sama tíma. Atvinnuleysi jókst því minna fyrir vikið og mældist 5,1% á fjórðungnum sem er 1,2 prósentum meira en á fjórðungnum á undan. Ætla má að atvinnuleysi hefði aukist enn meira ef hluti aðlögunar á vinnumarkaði í kjölfar efnahagsáfallsins hefði ekki orðið í gegnum minnkandi atvinnuþátttöku og hlutabótaleið stjórnvalda.

Fleiri erlendir ríkisborgarar fluttu frá landinu en til þess á öðrum ársfjórðungi en það hefur ekki gerst síðan á öðrum fjórðungi árið 2012. Ástæðuna má fyrst og fremst rekja til þess að færri erlendir ríkisborgarar fluttu til landsins á fjórðungnum en brottfluttum fjölgaði aðeins lítillega.

Á öðrum fjórðungi ársins hækkaði launavísitalan um 3,8% milli fjórðunga og um 6,7% milli ára. Kaupmáttur launa miðað við vísitöluna var 4,1% meiri á fjórðungnum en á sama tíma árið 2019.

Húsnæðisverðsvísitala Hagstofunnar fyrir allt landið, sem birt var í lok júlí, hækkaði um 0,1% milli mánaða sé litið framhjá árstíðarsveiflu en um 6,7% milli ára. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, sem Þjóðskrá Íslands reiknar út, hækkaði um 1,2% milli mánaða í júlí að teknu tilliti til árstíðar en um 4,9% milli ára. Þinglýstum kaupsamningum á landinu öllu fækkaði um 7,2% á fyrstu sjö mánuðum ársins frá sama tíma í fyrra en kaupsamningum um nýbyggingar fjölgaði um 40,5% á sama tímabili.

Vísitala neysliverðs hækkaði um 0,15% milli mánaða í júlí og jókst ársverðbólga í 3%. Vísitala neysliverðs án húsnæðis hafði hækkað um 3,3% frá júlí í fyrra. Undirliggjandi verðbólga mældist 3,7% í júlí miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða og er því nokkru meiri en mæld verðbólga. Skýringuna á því má að hluta rekja til þess að í þeim útreikningi er horft framhjá lækkun bensínverðs og áhrifum lægri raunvaxtakostnaðar húsnæðislána. Vaxtaþátturinn í

reiknaðri húsaleigu hefur dregið úr verðbólgu undanfarið ár og má ætla að vegna þessa hafi ársverðbólga mælst um 0,7 prósentum minni en ella.

Meginskýring á aukningu verðbólgu í júlí er að sumarútsölur höfðu töluvert minni áhrif til lækkunar vísitölu neysluverðs en á sama tíma í fyrra. Gæti það stafað af áhrifum gengislækkunar krónunnar en aukin útgjöld til neysluvara undanfarna mánuði kunna einnig að eiga hlut að máli.

Samkvæmt sumarkönnunum Gallup gera heimili og fyrirtæki ráð fyrir að verðbólga verði um 3-3,5% eftir ár sem er 0,5 prósentum meiri verðbólga en þau væntu í síðustu könnun. Verðbólguvæntingar þeirra til lengri tíma hafa hins vegar ýmist haldist óbreyttar eða lækkað. Verðbólguvæntingar markaðsaðila, bæði til skamms og lengri tíma, hafa einnig haldist óbreyttar við 2,5% verðbólgu markmiðið. Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði til fimm og tíu ára er í markmiði eða lítillaga undir því þótt það hafi hækkað lítillaga undanfarið.

Samkvæmt spánni sem birtist í *Peningamálum* 26. ágúst 2020 eru horfur á að verðbólga verði um 3% að meðaltali það sem eftir lifir árs. Mikill slaki í þjóðarþúinu og lítil alþjóðleg verðbólga benda til þess að hún taki að hjaðna á næsta ári og spáð er að hún verði um 2% að meðaltali á seinni hluta spátímans. Þetta er meiri verðbólga á fyrri hluta spátímans en spáð var í maí enda upphafsstaðan lakari og slakinn minni nú en áður var talið.

Áætlað er að landsframleiðsla í helstu viðskiptalöndum Íslands hafi dregist saman um tæplega 13% á öðrum fjórðungi ársins m.a. vegna aðgerða stjórnvalda til að hemja útbreiðslu farsóttarinnar en það er heldur meiri samdráttur en gert var ráð fyrir í maíspá *Peningamála*. Vísbendingar eru um að alþjóðleg efnahagssumsvif hafi sótt nokkuð í sig veðrið er leið á fjórðunginn en horfur fyrir seinni hluta ársins hafa versnað miðað við maíspána enda hefur faraldurinn víða færst í aukana á ný. Horfur eru því á að samdrátturinn í viðskiptalöndunum verði rúm 7% í ár sem er meiri samdráttur en búist var við í maí. Á móti er útlit fyrir meiri hagvöxt á næstu tveimur árum eftir það.

Gengi krónunnar tók að lækka þegar farsóttin barst til landsins en snemma í maí hafði það lækkað um ríflega 12% frá febrúarlokum. Gengi krónunnar hækkaði á ný er leið á mánuðinn, mögulega vegna aukinnar bjartsýni í kjölfar árangursríkra sóttvarnaraðgerða og mikillar fækkunar smita hérlendis auk væntinga um kröftugri bata í ferðapjónustu en áður hafði verið gert ráð fyrir. Sú gengishækkun gekk hins vegar til baka yfir sumarmánuðina og var viðskiptavegið gengi krónunnar ríflega 12% lægra rétt fyrir útgáfu þessara *Peningamála* en í lok febrúar og ríflega 14% lægra en um áramótin. Viðskiptavegin gengisvísitala var að meðaltali rúmlega 203 stig á öðrum fjórðungi ársins sem er liðlega 2% hærra gengi en gert var ráð fyrir í maíspá bankans. Gengisvísitalan hefur verið um 207 stig það sem af er ágúst og byggist grunnspáin á þeirri forsendu að hún haldist nálægt því stigi út spátímans.

Þegar var tekið að hægja á innlendum efnahagssumsvifum áður en farsóttin barst til landsins og mældist liðlega 1% samdráttur milli ára á fyrsta fjórðungi ársins. Áhrifa faraldursins á efnahagssumsvif tók að gæta undir lok fjórðungsins og jukust þau enn frekar í apríl. Vísbendingar voru hins vegar um að innlend eftirspurn hefði sótt nokkuð í sig veðrið í maí og júní þegar farsóttin tók að ganga niður og slakað var á umfangi sóttvarnaraðgerða. Þrátt fyrir það gerir spáin ráð fyrir að landsframleiðslan hafi dregist saman um tæplega 11% milli ára á öðrum fjórðungi ársins. Það er minni samdráttur en spáð var í maí og vegur þar þungast að neysluútgjöld heimila gáfu ekki eins mikið eftir og þá var óttast. Þótt horfur fyrir seinni hluta ársins séu heldur lakari en spáð var í maí er talið að landsframleiðslan dragist saman um 7,1% á árinu öllu í stað 8% samdráttar sem gert var ráð fyrir í maí. Minni samdráttur í ár skýrir það að hluta af hverju hagvöxtur næsta árs verður minni en í maíspánni. Talið er að hagvöxtur á næstu tveimur árum

verði um 3½% á ári og gangi það eftir nær landsframleiðslan ekki því stigi sem hún var á í lok síðasta árs fyrr en í lok spátímans.

Gert er ráð fyrir að heildarvinnustundum fækki um ríflega 7% í ár. Þá er talið að atvinnuleysi muni aukast fram eftir ári, ná hámarki undir lok ársins í um 10% og verða rúmlega 7% að meðaltali á árinu öllu. Þetta er minni fækkun heildarvinnustunda en spáð var í maí og atvinnuleysi verður ekki eins mikið og þá var gert ráð fyrir. Skýrist það að mestu leyti af því að þjóðarþjónusturinn hefur staðið faraldurinn betur af sér en þá var talið. Spáð er að störfum fjölgi lítillega á næsta ári og atvinnuleysi minnki á ný.

Talið er að töluverður framleiðslulaki hafi myndast og samkvæmt spánni mun hann aukast enn frekar það sem eftir lifir árs. Gert er ráð fyrir að hann verði tæplega 6% í ár sem er lítillega minni slaki en spáð var í maí. Líkt og þá er gert ráð fyrir að slakinn minnki á næsta ári og verði nánast horfinn undir lok spátímans. Óvenju mikil óvissa er þó um þetta mat.

II Ákvarðanir um stjórnþæki bankans í peningamálum

Nefndarmenn ræddu taumhald peningastefnunnar í ljósi framvindu efnahagsmála og þess að raunvextir bankans hefðu lækkað frá maífundum nefndarinnar. Rætt var um hvort taumhaldið væri hæfilegt í ljósi verðbólguhorfa en nefndin lækkaði vexti enn frekar í maí þar sem horfur voru á verulegum samdrætti landsframleiðslu og auknu atvinnuleysi á þessu ári á sama tíma og útlit var fyrir að verðbólga yrði lítil á spátímanum.

